



## Skólatöskudagar Iðjubjálfafélags Íslands

20. – 24. september 2010



### Fræðslu- og kynningarnefnd IðÍ

Björg Jónína Gunnarsdóttir

Brynhildur Guðmundsdóttir

Hafdís Pétursdóttir

Rakel Anna Másdóttir

Sigrún Jóna G. Eydal

Verkefnið var unnið í samvinnu við:



**Eymundsson**

*Bóksali frá 1872*

Skólatöskudagar Iðjuþjálfafélags Íslands (ÍÞÍ) voru haldnir á landsvísu fimmta árið í röð dagana 20. - 24. september 2010. Fræðslu- og kynningarnefnd ÍÞÍ sá um undirbúning og framkvæmd Skólatöskudaga en hana skipuðu: Björg Jónína Gunnarsdóttir, Brynhildur Guðmundsdóttir, Hafdís Pétursdóttir, Rakel Anna Másdóttir og Sigrún Jóna G. Eydal.

Verkefnið var unnið í samvinnu við Lýðheilsustöð en framlag þeirra til verkefnisins var 100.000 kr. og var lógó þeirra sett á öll gögn. Tengill Lýðheilsustöðvar við nefndina var Rósa Þorsteinsdóttir (rosa@lydheilsustod.is). Eins var samstarf við verkefnið „Göngum í skólann” á vegum ÍSÍ, helsti tengiliður ÍSÍ var Örvar Ólafsson (orvar@isi.is).

Unnið var í samstarfi við Pennann – Eymundson. Nefndin var Pennanum ráðgefandi varðandi bókamerki um stillingu á skólatöskum og fékk á móti styrk upp í kostnað á gögnum. Í sparnaðarskyni notaði nefndin nokkuð af gögnum frá fyrri árum en það sem uppá vantaði var prentað í prentsmiðjunni Prentmet.

Vinnugögn fyrir Skólatöskudaga voru tekin saman af nefndarmeðlimum og tók sú vinna einn vinnudag. Á höfuðborgarsvæðinu nálgudust þátttakendur gögnin á skrifstofu BHM en á Eyjafjarðarsvæðinu voru gögnin sótt til Bjargar Jónínu. Gögn á aðra staði á landsbyggðinni voru póstlögð. Nefndin sendi niðurstöður til Kristjönu Fenger lektors við Háskólann á Akureyri (HA).

Nokkrir skólar óskuðu að fyrra bragði eftir iðjuþjálfra og náði nefndin að koma til móts við flestar þær óskir. Sex skólar fengu ekki iðjuþjálfra hafa forgang fyrir næsta ár. Þeir skólar eru Flataskóli, Hólabrekkuskóli, Hraunvallaskóli, Húsaskóli, Ingunnarskóli og Sandgerðisskóli. Í framtíðinni væri frábært að sjá að enn fleiri skólar myndu óska eftir að fá iðjuþjálfra.

Þátttaka iðjuþjálfra og nema var minni í ár en undanfarin ár, og er það umhugsunarvert. Nokkuð var um að iðjuþjálfar legðu meiri áherslu á fræðslu um uppröðun í, og stillingu á skólatöskum en vigtuðu nemendur ekki. Var það m.a vegna umræða sem sköpuðust varðandi vigtnun á börnum. Dæmi voru um að nemendurnir borðuðu ekki deginum fyrir vigtnun til að vera sem léttust. Þetta er háalvarleg mál sem verður að bregðast við.

Iðjuþjálfar skráðu 1237 nemendur í verkefnið og bárust gögn um 802 nemendur.

Pátttaka í skólatöskudögum 2010:

**Iðjuþjálfar: 24**

**Iðjuþjálfanemar: 1**

Gögnum sem var skilað:

**Fjöldi skóla: 28**

**Heldar fjöldi nemanda: 1237**

**Fjöldi vigtaðra nemanda: 802**

Prentun gagna (magn)

- 1600 vigtunarbleðlar (600 A4 blöð skorin í fernt)
- 1600 bæklingar í þrúbroti

(Gögn frá fyrri árum voru notuð. Þó nokkuð af gögnum er enn til og verða þau geymd á skrifstofu SIGL í Borgartúni)

Send var fréttatilkynning til helstu fjölmiðla landsins en því miður voru undirtektir takmarkaðar og hafði nefndin ekki erindi sem erfiði í kynningu á Skólatöskudögum. Þrautir tengdar skólatöskudögum birtar í barnaopnu Morgunblaðsins. Geta má þess að gögn skólatöskudaga eru aðgengileg á heimasíðu Iðjuþjálfafélagsins ([sigl.is](http://sigl.is)) og Lýðheilsustöðvar ([lydheilsustod.is](http://lydheilsustod.is)).

### **Breytingar á Skólatöskudögum**

Ákveðnar hafa verið breytingar á fyrirkomulagi Skólatöskudögum sem eiga að verða að veruleika árið 2011. Þær eru

- ✓ Formaður IPÍ sendi hvatningarbréf til iðjuþjálfra/yfirmanna/vinnustaða um mikilvægi Skólatöskudaga og hvetur þar með til þátttöku.

- ✓ Aukið samráð verður haft við Háskólann á Akureyri og hvatt til aukinnar þátttöku nema.
- ✓ Einungis skólataskan verður vigtuð. Þyngd töskunnar verður reiknuð út miðað við BMI stuðul barnanna þ.e. að skólataskan vegi ekki meira en 10 % af ætlaðri BMI þyngd barna í hverju aldursbili.
- ✓ Breyta vigtunarblaði m.t.t þyngd skólatöskunar.
- ✓ Öll þau gögn sem skólabörnin fá s.s. bókamerki o.fl. sem skólabörn fá verða endurskoðuð m.t.t. hagræðingar og sparnaðar.
- ✓ Aukin áhersla verður á fræðslu um stillingu á og uppröðun í skólatöskur.
- ✓ Farið verður í ákveðna bekki t.d. 1, 3 og 6 bekk. Þá náum við frekar til allra barna á ákveðnum aldri og Skólatöskudagar verða markvissari. Í minni skólum t.d. skólum út á landi hvetjum við þó til þess að farið verði í alla bekki.

### **Hugmyndir Fræðslu- og kynningarnefndar fyrir Skólatöskudaga**

Nefndin er með margar hugmyndir um hvernig hægt væri að gera Skólatöskudaga enn skilvirkari og markvissari.

- ✓ Halda fræðslu um tilgang og fyrirkomulag Skólastöskudaga í sal BHM. Með því vonumst við til að iðjupjálfar sem ekki hafa tekið þátt í Skólatöskudögum skrá sig til þátttöku og fái þá fræðslu sem gerir þeim kleift að vera með.
- ✓ Ná sambandi við foreldra-félög í skólum. Þetta verður til þess að foreldrar verði meðvitaðri um Skólatöskudaga og til að fræðslan skili sér í heimahús.
- ✓ Setja á vigtunarblaðið kassa þar sem hægt er að haka við hvað er í töskunni og þ.a.l. vigtað t.d. nesti, íþróttaföt og hljóðfæri. Bæta líka í excelskjalið svo nefndin fái upplýsingar. Faglegra því þá er betri forsendur til að bera nemendur og skóla saman.
- ✓ Fræða nemendur í kennaranámi HA og HÍ um skólatöskur og skólatöskudaga - markmið að gera kennara meðvitaðri um mikilvægi rétttrar notkunar skólatösku.

- ✓ Gera heimasíðu IPÍ enn virkari í tengslum við Skólatöskudaga.
- ✓ Þýða „Tips” og hugmyndir af „Fun Activities” frá „School Awareness Day” hjá AOTA (búið að fá leyfi hjá Karen Jacobs).
- ✓ Setja teygjuhléafingar forritið fyrir börn á heimasíðu IPÍ.
- ✓ Setja inn tengil Göngum í skólann á heimasíðu IPÍ.
- ✓ Gera markvissa fjölmiðlaáætlun svo hægt sé að senda út tímanlega umfjöllun á Skólatöskudögum.
- ✓ Hvetja iðjuþjálfar til að taka myndir af Skólatöskudögum og senda til IPÍ sem gæti svo sett inn á heimasíðu félagsins. Iðjuþjálfar að störfum.

Fræðslu – og kynningarnefnd iðjuþjálfar félags Íslands

Björg Jónína Gunnarsdóttir

Brynhildur Guðmundsdóttir

Hafdís Pétursdóttir

Rakel Anna Másdóttir

Sigrún Jóna G. Eydal